

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. september 2021

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði

Lagt er til að velferðarsvið uppfæri fyrirbyggjandi þarfagreiningu frá 2018 sem nýtt er við gerð áfangaskiptrar uppbyggingaráætlunar vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Í gildi er áfangaskipt uppbyggingaráætlun vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk sem gildir frá 2018–2030. Áætlunin byggir á stöðu biðlista 2018 og spá um þörf fyrir húsnæði fyrir fatlað fólk sem gerð var þá. Áætlunin gerði ráð fyrir 180-210 nýjum íbúðum á tímabilinu. Tímabært er að fara yfir biðlista og endurmeta þörf á húsnæði svo meta megi hvort áætlunin nær utan um þörf á uppbyggingu.

